



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSÆTISRÁÐHERRA RÚMENÍU STÆRSTA PRENTFYRIRTÆKI Í SUÐUR-EVRÓPU

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson átti í morgun fund með Călin Popescu Tăriceanu forsætisráðherra Rúmeníu. Á fundinum hvatti forsætisráðherrann íslensk fyrirtæki til að taka virkan þátt í efnahagsuppbyggingunni í Rúmeníu og fagnaði áhuga íslenskra orkufyrirtækja og fjárfestingaraðila á að nýta hreinar orkulindir í landinu. Hann taldi reynslu Íslendinga afar forvitnilega því þeim hefði tekist að hefja þjóðina úr fátækt til einhverrar mestu velmegunar sem þekkist í veröldinni á fáeinum áratugum og Rúmenía þyrfti að ná hliðstæðum árangri. Lýsti forsætisráðherrann áhuga á að koma í heimsókn til Íslands til að kynna sér nánar íslensk orkufyrirtæki og reynslu þjóðarinnar í þessum efnum.

Á öðrum degi opinberrar heimsóknar forseta Íslands til Rúmeníu var haldin viðamikil viðskiptaráðstefna í Búkarest með þátttöku fulltrúa fjölda íslenskra og rúmenskra fyrirtækja en Útflutningsráð undirbjó hana. Auk forseta Íslands flutti Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra ræðu við opnun ráðstefnunnar en á henni var sérstaklega fjallað um möguleika á samvinnu í orkumálum. Fulltrúar íslenskra og rúmenskra orkufyrirtækja fluttu erindi á ráðstefnunni og viðræður fóru fram milli fjölda íslenskra fyrirtækja og hugsanlegra rúmenskra samstarfsaðila.

Að ráðstefnunni lokinni tók forseti þátt í blaðamannafundi sem íslenska fyrirtækið Kvos hélt í Búkarest en það hefur á undanförunum árum nýtt sterka stöðu prentsmiðjunnar Odda á Íslandi til viðamikillar útrásar í prentiðnaði. Á blaðamannafundinum var tilkynnt að hið íslenska fyrirtæki hefði nú náð þeim árangri, meðal annars með kaupum á ýmsum fyrirtækjum, að verða stærsta prentfyrirtæki í suðaustur Evrópu. Hjá fyrirtækinu sem starfar undir nafninu Infopress Group verða um 1.000

starfsmenn. Það stefnir að því að tvöfalda umsvif sín á næstu 3-4 árum. Í ávarpi sínu fagnaði forseti sérstaklega þessum áfanga því hann sýndi að íslensk fyrirtæki gætu á skömmum tíma ásamt rúmenskum samstarfsaðilum skapað fyrirtæki í fremstu röð á evrópska vísu.

Við lok opinberu heimsóknarinnar til Rúmeníu síðdegis í dag var forseti viðstaddur opnun nýrrar skrifstofu fjárfestingafyrirtækisins Askar Capital í Búkarest en það stefnir að viðtækum fjárfestingum í Rúmeníu og víðar í Suðaustur-Evrópu.

20. september 2007

Myndir má nálgast á vefsíðu forsetaembættisins einum til tveimur tímum eftir útsendingu þessarar tilkynningar.

Nánari upplýsingar veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896-3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820-4946) og skrifstofa forseta Íslands (540-4400).